

Nd.

127. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (P. P.).

1. Við 4. gr. a. Í fyrstu málsgr. á eftir orðunum »afgangs skuldum« komi:
Svo og ef lögboðnir skattar til sveitarsjóðs hvíla sjerstaklega á eignum.

b. Aftan við 1. lið bætist:

Að öllu þessu athuguðu skal gjaldskyld eignafjárhæð aðilja ákveðin.

c. Við 2. lið. a. Á eftir orðunum »síðastliðið ár« komi: til þeirra teljast hverskonar arður, höpp og hagsmunir, sem metnir verða til verðmælis.¹

b. Í stað »6.« komi: 4.

c. Í stað »25.« komi: 22.

d. Í stað »kostnaður og áhætta« komi: og kostnaður.

d. 3. liður orðist svo:

Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem vexti og kostnað af skuldum, ómegð, vanheilsu, slys, dauðsföll, tap á ábyrgðum, sjerstakan uppeldiskostnað eða menningarkostnað barna hans, er nauðsynlegan má telja eða venjulegan, og sjerhvað annað, er telja má til sjerstakra útgjalda og lækkunar tekjum hans.

e. Niðurlag greinarinnar verði:

Að athuguðum 2. og 3. lið, skal gjaldskyld teknafjárhæð aðilja ákveðin.

f. Greinin verði 9. gr. og upphaf IV. kafla.

g. Á eftir 4. gr. komi 2 nýjar greinar, svo hljóðandi:

10. gr.

a. Heimilt er að jafna niður nokkrum hluta útsvara með persónugjaldi á hvern verkfæran mann, heimilisfastan í sveitinni, þó ekki yfir 10 kr. á hvern.

11. gr.

β. Þegar útsvörum er jafnað niður, skal finna meðal-hundraðshluta þeirrar upphæðar, er jafna þarf niður, í mismunandi hlutfalli við eign annarsvegar og tekjur hinsvegar, lægra hlutfallið við eign, en hærra hlutfallið við tekjur; munurinn má þó ekki meiri vera en 1 á móti 7.

Þegar finna skal útsvarsupphæð hvers gjaldanda, skal hækka og lækka meðal-hundraðshluta eftir því sem hæfa þykir, þ. e. húa til gjaldstiga, þó þannig, að eign með lægsta hundraðsgjaldi má eigi meiri vera en 5000 krónur og stigmunur ekki minni en 5000 krónur. Tekjur með lægsta hundraðsgjaldi mega ekki meiri vera en 1000 kr. og stigmunur ekki minni en 1000 kr.

Gjaldstigi, sem saminn er við aðalniðurjöfnun, gildir fyrir aukaniðurjöfnun síðar á árinu. Ef aukaniðurjöfnun fer fram fyr á árinu en aðalniðurjöfnun, þá gildir gjaldstigi síðasta árs.

Útsvarsupphæð, sem fram kemur eftir reglunum í

þessari grein, má hækka eða lækka að því leyti, sem hún stendur ekki á heilum eða hálfum tug króna.

2. Við 5. gr. Greinin verði 12. gr.
3. Við 6. gr. a. Við A. III. c. Aftan við liðinn bætist:
Þar með taldar bústofnslánadeildir.
 - b. Við B. 2. Í stað niðurlagsorðanna »eða hafa hjer arð gefa« o. s. frv. komi: eða hafa hjer laxveiðinot eða laxár á leigu, afnot lands eða lóða, eiga hjer eignir, er arð geta gefið o. s. frv.
 - c. Á eftir B. 3. komi nýr liður:
C. Aðiljar, sem hvergi teljast heimilissfastir.
 - d. Greinin verði 4. gr. og upphaf II. kafla.
4. Við 7. gr. Greinin verði 5. gr.
5. Við 8. gr. a. Niðurlag 1. málsgreinar, í stað »skipseiganda útgerðarmanns« komi: skips, eða ef þess er ekki kostur, þá þar sem útgerð er rekin.
 - b. Í annari málsgrein fyrir »manns« komi: aðilja.
 - c. a-liður orðist svo:
 1. Ef hann hefir heimilissfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, annarsstaðar en í heimilissveit, leiguliðaafnot lands, þótt ekki fylgi ábúð, ábúð á jörð eða jarðarhluta — þó ekki ítök eða hlunnindi, sem metin eru með jörð eða heimatekjum embættis í heimilissveit — laxveiði og lóðar-afnot, ef þau gefa arð.
 - d. b-liður verði töluliður 2.
 - e. c-liður orðist svo:
 3. Ef aðilji rekur atvinnu í fleirum sveitum en einni, enda taki fyrirmæli 1. og 2. liðar ekki til, og sje atvinnan ekki skemur rekin en 8 vikur. Svo og ef rekin hefir verið selveiði, hvalveiði, sildarkaup, sildarsala, sildarverkun eða síldarbræðsla, og verksmiðjuíðnaður hverskonar sem er, enda þótt skemur sje rekið.
 - f. d-liður orðist svo:
 4. Ef maður stundar atvinnu eða er lögskráður á skip utan heimilissveitar sinnar, einungis að því leyti, sem hann fær meira kaup í einni sveit en 3000 krónur, þar með talið fæði og önnur hlunnindi, er hann kann að hafa haft, reiknað eins og skattaneind í þeirri sveit telur það til tekjuskatts.
 - g. Á eftir d-lið komi tveir nýir töluliðir:
 - a. Ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti 4 vikur samtals af gjaldárinu, enda má þá ekki að því leyti leggja þar útsvar á skipverja eftir ákvæðum 4. liðs. Útsvar eftir þessum lið má þó aldrei hærra vera en 1 af hundraði af verðgildi afla,

sem á land er lagður, að frádregnum þeim hluta hans, sem kann að tilheyra einhverjum gjaldþegni búsettum þar.

β. Ef gjaldþegn flyst búferlum milli sveita eða á samtímis lögheimili í tveim sveitum, enda hafi hann átt heima eða dvalist í hvorri eða hveiri sveit eigi skemur en 3 mánuði á gjaldárinu. Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem aðalumboðsmaður þeirra hjer á landi er heimilisfastur.

Að því leyti, sem lagt er á aðilja í atvinnusveit eða dvalarsveit eftir ákvæðum þessarar greinar, má ekki leggja á hann í heimilissveit hans.

h. Greinin verði 6. gr.

6. Við 9. gr. a. Í 1. málsgrein »Þó skal skifta — —« til enda greinarinnar falli burt.

b. Greinin verði 7. gr.

7. Við 10. gr. Greinin falli burt.

8. Við 11. gr. a. Í stað »9. gr.« komi: 6. gr., 3., 4., 5. og 6. lið.

b. Í stað »fyrir hver áramót« komi: áður en þeir fara úr sveitinni.

c. Greinin verði 8. gr.

9. Við 12. gr. 12., 13., 14. og 15. gr. falli burt.

10. Við fyrirsögn IV. kafla. Fyrirsögnin verði: V. kafli. Um niðurjöfnunarnefndir.

11. Við 16. gr. a. Í fyrri málsgrein »Skal hún kveðja — — úr skattanefnd« falli burt.

b. Síðari málsgrein orðist svo:

Í hreppum getur hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun fyrir niðurjöfnunarstarf sitt, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns.

c. Greinin verði 13. gr.

d. Greinatalan breytist eftir því.

12. V. kafli verði VI. kafli.

13. Við 29. gr. a. Í annari málsgrein, í stað »6. gr. B. 1.« komi: 4. gr. B. 1. og 6. gr. 4. lið.

b. Á eftir 2. málsgrein komi ný málsgrein:

Skipstjóri eða formaður skips ber ábyrgð á útsvari eftir 6. gr. 5. lið.

14. VI. kafli verði VII. kafli.